

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma  
ökumanna, notkun ökurita og eftirlit.

### 1. gr.

Við 2. mgr. 56. gr. reglugerðarinnar bætist nýr staflíður, svohljóðandi:

s. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1057 frá 15. júlí 2020 um sértækar reglur að því er varðar tilskipun 96/71/EB og tilskipun 2014/67/ESB um útsendingu ökumanna á sviði flutninga á vegum og um breytingu á tilskipun 2006/22/EB að því er varðar kröfur um framfylgd og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2022 frá 10. júní 2022, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 66, frá 13. október 2022, bls. 37-38.

### 2. gr.

Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1057 frá 15. júlí 2020 um sértækar reglur að því er varðar tilskipun 96/71/EB og tilskipun 2014/67/ESB um útsendingu ökumanna á sviði flutninga á vegum og um breytingu á tilskipun 2006/22/EB að því er varðar kröfur um framfylgd og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2022 frá 10. júní 2022, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 66, frá 13. október 2022, bls. 37-38.

### 3. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 54. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 29. nóvember 2022.*

F. h. r.

**Ólafur Kr. Hjörleifsson.**

*Jónas Birgir Jónasson.*

#### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.